

FUNDARGERÐ

388. fundur stjórnar Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni, haldinn 14. mars 2017 kl. 12.00 í Stangarhyl 4, Reykjavík.

Mættir voru: Ellert B. Schram, Erna Indriðadóttir, Helgi Pétursson, Hrafn Magnússon, Sigríður Snæbjörnsdóttir, Reynir Vilhjálmsson og Gísli Jafetsson sem ritaði fundargerð. Fjarverandi Anna Þrúður Þorkelsdóttir, Guðmundur Gunnarsson, Guðrún Árnadóttir og Sjöfn Ingólfssdóttir.

Þetta gerðist:

Fundargerð síðasta fundar samþykkt og undirrituð.

1. Fundartími stjórnar FEB ræddur

Samþykkt að setja niður fundi stjórnar fyrsta þriðjudag í hverjum mánuði að júlí undanskyldum. Fundir hefjist kl. 9.00 í Stangarhyl 4 nema annað sé tekið fram í fundarboði.

2. Fyrirhuguð málaferli

Umræður í kjölfar spjalls stjórnar með Ásmundi Stefánssyni, fyrrum framkv.stjóra ASÍ. Niðurstaða að fá til frekara spjalls og lögfræðilegrar yfirferðar þá Ragnar Aðalsteinsson og Daniel Isebarn Ágústsson.

2. LEB og næstu skref

Staðfest er að núverandi formaður LEB mun ekki vera í framboði til formanns á næsta landsfundi. Ellert fól framkv.stjóra LEB að setja upp fund um frítækjumörk og þær breytingar sem urðu um síðustu áramót. Opinn fundur síðdegis hér í húsnæði FEB.

3. Fundur formanns og framkv.stjóra með ráðherrum

Formaður fór yfir fund með fjármála- og efnahagsráðeherra og aðstoðarmanns hans s.l. fimmtudag 9. mars. Í stuttu máli má segja að ráðherra hafi vísað umræðu um frítækjumark og breytingar þar á á velferðarráðherra með orðum um að allt verði að vera innan fjárheimilda. Næst er það fundur með velferðarráðherra 21. mars.

4. Önnur mál

Afhent skjal með samantekt um nefndir og ráð sem FEB á fulltrúa í skv. beiðni frá síðasta fundi stjórnar.

Áréttað með ráðstefnuna; Aldrei of seint – *Heilsuefning eldri aldurshópa* – fimmtudaginn 16. mars kl. 14.00 í Ráðhúsinu.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 13.30.

Samþykkt;